

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 13. apríl 2016 kl. 9-10 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Benedikt Hjartarson (B&L), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Auður Hauksdóttir (SVF), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Valur Ingimundarson (EDDA – sem stjórnaði fundi), Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Guðmundur Hálfðanarson (formaður), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll. Védís Ragnheiðardóttir (fulltrúi doktorsnema) mætti ekki.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð frá 17. mars var samþykkt.

2. *Rannsóknasjóður – úthlutun styrkja*: ESS kynnti. Alls bárust 16 umsóknir upp á 3.450.000 krónur. Stjórnin samþykkti að styrkja allar umsóknirnar. Samþykktar upphæðir eru í öllum tilfellum hámark og endanleg upphæð fer eftir staðfestum kostnaði, staðfestingu á mótframlagi stofnana (þar sem svo ber undir) og staðfestri dagskrá atburða (þar sem svo ber undir). Yfirlit yfir úthlutun í viðhengi. Um FÖR-1: Samþykkt með skilyrði um eðlilegt framlag frá öðrum fræðasviðum.

3. *Vísindanefnd HÍ*: VI sagði frá vinnu við mat umsókna um styrki til doktorsnema. Fagrað hugvísinda hefur lokið vinnu sinni en önnur fagrað eru ekki tilbúin. Úthlutun er ekki væntanleg fyrr en um miðjan maí.

4. *Önnur mál*: ESS benti á upplýsingar á heimasíðu HÍ um nýdoktorastyrki, þar sem segir að óvíst sé hvort eða hvenær þeir verði auglýstir.

Fundi slitið kl. 9:30

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Úthlutun 2016-1

Umsókn	Fl.	Lýsing	Hámarksupphæð
B&L-1	3	Fræðimaður - Sergei Loznitsa	100.000
B&L-2	1	Alþjóðleg ráðstefna - NORDIK	300.000
B&L-3	1	Alþjóðleg ráðstefna - barna- og unglingsbókmenntir	300.000
EDDA-1	1	Alþjóðleg ráðstefna - Sameinuðu þjóðirnar	300.000
EDDA-2	1	Alþjóðleg ráðstefna - MARPART	300.000
GUÐ-1	3	Tveir fræðimenn	100.000
HEIM-1	1	Alþjóðleg ráðstefna - fyrirbærafræði	300.000
MÁL-1	1	Innlend ráðstefna - Rask	125.000
MÁL-2	1	Innlend ráðstefna - Höskuldur	125.000
MÁL-3	1	Alþjóðleg ráðstefna - GLAC22	300.000
RÍM-1	1	Innlend ráðstefna - máltileinkun	125.000
SIÐ-1	1	Innlend ráðstefna - Páll	125.000
SVF-1	1	Alþjóðleg ráðstefna - Sprog- og kulturkontakt	300.000
SVF-2 (þýð)	1	Alþjóðleg ráðstefna í þýðingarfræði	300.000
SVF-3	5	Málfarsaðstoð - Erla Erlendsdóttir	50.000
FÖR-1	1	Alþjóðleg ráðstefna - Frændafundur	300.000
Samtals			3.450.000